

Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 100 ára afmæli Fríkirkjunnar í Reykjavík
í hátíðarguðþjónustu
21. nóvember 1999

Kirkja er griðastaður trúar og tilbeiðslu. Kirkja er heimili safnaðar og samfélags. Kirkja er áningarstaður í ævi og örlögum einstaklinga og fjölskyldna. Þar gefst okkur huggun og gleði, fögnuður og endurnæring andans.

Kirkja er musteri í borg og byggð, tákn um metnað fólksins og hagleik meistara handverks og smíða. Kirkja er merkisberi í þroskasögu þjóðar og trúarlífs, staðfesting á þáttaskilum, nýjum tímum sem búa fagnaðarerindið sígilda þeim klæðum sem best hæfa kröfum og takti hverrar tíðar.

Fríkirkjan í Reykjavík hefur svo sannarlega sameinað alla þessa eiginleika.

Hér hafa þúsundir Reykvíkinga komið saman í bæn og þakkargjörð, leitað huggunar og líknar í sorg og efa, fagnað skírn og fermingu, játast guði og frelsaranum á þann hátt sem best hæfir trúarþörf hvers og eins.

Hér eignuðust Íslendingar lifandi minnisvarða um þá framsækni sem einkenndi bjartsýna þjóð í árdaga aldarinnar: kirkju sem snemma varð hugljúft kennileiti ungrar höfuðborgar; turninn og spegilmynd hans í Tjörninni; tákn um samspil fegurðar og framfaravilja, kennimark þeirrar kynslóðar sem færði Íslandi fullveldi og sjálfstæðan sess í samfélagi þjóðanna.

Fríkirkjan í Reykjavík hefur verið samferða öldinni og varðveitir í sögu sinni enduróm og minningu þeirra viðburða, umróts og hugsunar sem hægt og bítandi gerðu Íslendingum kleift að vera á eigin forsendum þjóð meðal þjóða.

Trúin var um aldir í föstum skorðum og sú breyting mest frá kristnitöku sem valdið færði frá Róm til konungs og kansellís, kenninguna frá kaþólskum sið til lærdóma Marteins Lúthers.

Á öldinni 18. og arftaka hennar var kyrrestaðan slík að predikun og messugjörð; já, einnig valdið sjálft hjá prestum, biskupum, stiftamtönnun og konungi – allt var þetta nánast óbreytt kynslóð eftir kynslóð.

Það var í þann kyrðarheim sem Fríkirkjan hélt innreið sína, boðberi nýrrar tíma, frjálsræðis og lýðræðis, frelsis og fagnaðarerindis, trúar og lífssýnar sem gerði manninn sjálfan og samband hans við guð að grundvelli kirkju og bænar, blessunar og fullvissu um eilíft líf og kærleika skaparans.

Í stað þeirra stofnana sem í krafti embætta og ríkis höfðu æðsta vald á vettvangi trúar kom söfnuður fólksins sjálfs sem með eigin presti fann vegi trúar og vissu sem hæfðu best niði nýrra tíma.

Fríkirkjan var með í sveit þeirra brautryðjenda sem sköpuðu hið nýja Ísland, færðu þjóðinni skilning, metnað og getu sem dugðu henni vel til sjálfsstjórnar og fullveldis – kirkja sem umbreytti samfélagi og trúarlífi á þann veg að opna hugann um leið og hið besta úr arfi aldanna var varðveitt og blessað.

Á þessum hátíðardegi þakkar þjóðin og virðir merka sögu og minnst frumherjanna og alls þess góða fólks sem þjónað hefur söfnuðinum með fórnfýsi og góðum vilja.

Við þökkum líka hvert og eitt fyrir þær stundir sem þessi kirkja hefur fært okkur, stundir gleði og sorgar, tilbeiðslu og trúar; þökkum þeim prestum sem hér hafa þjónað og fulltrúum safnaðar sem valdir voru til forystu.

Hingað kom ég drengur að vestan til séra Þorsteins sem þjónað hafði á Þingeyri, prestsins sem afi minn og nafni aðstoðaði sem meðhjálpari alla hans tíð fyrir vestan, kom hingað líkt og margir Dýrfirðingar sem áfram litu á séra Þorstein sem prestinn sinn þótt kirkjan hér við Tjörnina væri orðin hans þjónustuhús.

Og hér fermdist ég; sat í horninu í kórnum ásamt fermingarsystkinum mínum á ógleymanlegum degi. Hér var útför móður minnar og síðar föður,

afa míns og ömmu; stundir á æviskeiði sem ávallt leita sterkt á hugann í hvert sinn sem ég geng hér inn kirkjugólfíð.

Þannig er með okkur öll sem hér erum saman komin. Hin fallega Fríkirkja í Reykjavík varðveitir í andblæ sínum, tign og trúarumgjörð þær minningar, sárar og kærar, sem við viljum bera í hjörtum okkar alla ævi.

Kirkja sem er og verður hús tilbeiðslu og trúar, heimili safnaðar og fjölskyldna, griðastaður allra þeirra sem leita huggunar og gleði í fagnaðarerindinu um frelsarann Jesú Krist og í boðskapnum um guð föður almáttugan skapara himins og jarðar.

Fríkirkjan í Reykjavík er og verður Íslendingum kærleiksstaður, táknkirkja um baráttu fátækrar þjóðar fyrir frelsi og framförum, áminning um óheftan anda og sjálfstæða hugsun.

Ég færi ykkur öllum árnaðaróskir íslenskrar þjóðar og óska Fríkirkjunni allra heilla á öldinni sem senn heilsar. Megi hin góða kirkja áfram eiga farsæla samfylgd með trúarþörf og kristnidómi Íslendinga.